



VPV Zukunftsplan (framtidaráætlun)^{Plus} – sveigjanleg fjárfesting með miklum ávöxtunarmöguleikum

VPV Zukunftsplan (framtidaráætlunin)^{Plus} er sveigjanleg og býður upp á góða blöndu ávöxtunarmöguleika og öryggi.

Hentar jafnt ungum sem öldnum og má laga að væntingum og þörfum hvers og eins. Má t.d. nota sem fjárfestingu, lífeyristryggingu eða sparnað. Þú ákveður sjálf(lur) hvernig þú vilt haga iðgjaldagreiðslum: Þú getur valið á milli reglulegra iðgjaldagreiðslna eða eingreiðslu. Ennfremur standa til boða sveigjanlegar inngreiðslur eða útborganir á samningstímanum. Strax með lágum mánaðarlegum iðgjaldagreiðslum má þannig byggja upp fjárhagslega örugga framtíð.

VPV Zukunftsplan (framtidaráætlunin)^{Plus} er fyrir alla aldurshópa frá fæðingu til ellilífeyrisáranna.

Sveigjanleiki bæði varðandi sparnaðar- og lífeyristökutímabilið sem gerir þér kleift að setja upp sérsniðna áætlun fyrir framtíð þína.

Nýting ólíkra sjóða leyfir breiðari dreifingu fjárfestinga til framtíðar og gefur þér þannig kost á aukinni hlutdeild í ávöxtun þeirra. VPV-sérfræðingar fara reglulega yfir stefnu og þróun þeirra sjóða sem valdir hafa verið og aðlaga fjárfestinguna eftir þörfum að breyttum forsendum.

Með innbyggðri áhættustjórnun býður VPV Zukunftsplan (framtidaráætlunin)^{Plus} nýjan möguleika til að tengja saman mögulega arðsemi hlutabréfafjárfestingar með stighækkandi öruggri ávöxtun inneignar þinnar.



Helstu kostir VPV Zukunftsplan (framτίðaráætlunin)^{Plus} í stuttu máli:

- **Fjárfesting í aðlaðandi sjóðum.**

Við fjárfestum fjármunum þínum með framτίðarhagsmuni að leiðarljósi, t.d. í sjóðum sem styðja við sjálfbærni, umhverfisvernd og orkugjafa framτίðarinnar.

- **Alltaf í takt við tímann.**

Sérfræðingar okkar sannreyna reglulega val þitt á sjóðum til að finna réttu fjárfestingaráætlunina fyrir þig.

- **Gefur kost á sveigjanlegri aðlögun.**

Þér standa einnig til boða á samningstímanum sveigjanlegar aukagreiðslur, úttektir eða aðlögun iðgjaldagreiðslna.

- **Sveigjanlegir útborgunarmöguleikar.**

Við bjóðum sveigjanleika: Þú getur valið sveigjanlegar lífeyrisgreiðslur fyrir þig. Einnig stendur til boða eingreiðsla við upphaf lífeyristöku.

- **Sveigjanleiki, einnig við töku lífeyris.**

Nútímalegt og sveigjanlegt lífeyristökutímabil veitir þér fjölmarga kosti, einnig eftir að lífeyristaka er hafin. Til dæmis fjárfestum við áfram í framτίðarmiðuðum sjóðum og þú hefur eftir sem áður alltaf aðgang að sparnaði þínum.

Sveigjanleg öryggisstjórnun þín

Með öryggisstjórnun VPV Zukunftsplan (framτίðaráætlunin)^{Plus} tryggjum við þér árlegan hlut í inneign þinni við lok samningstímans. Tryggður hluti öryggisstjórnunarinnar – og þar með inneignar þinnar – hækkar árlega með línulegum hætti um 0 % til 75 %, þannig að þér er tryggður línulegur sífellt hærri hlutur í inneigninni. Þannig býður VPV Zukunftsplan (framτίðaráætlunin)^{Plus} góða blöndu úr ávöxtunarmöguleika og öryggi. Ef þú vilt frekar sleppa öryggisstjórnuninni í þágu enn meiri ávöxtunarmöguleika getur þú afturkallað eða eftir atvikum virkjað hana aftur síðar.